

Forsætisráðuneytið hefur hlotið jafnlaunavottun sem staðfestir að jafnlaukakerfi ráðuneytisins uppfylli kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Á myndinni hér að neðan taka þær Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri við vottorðinu úr hendi Emils B. Karlssonar úttektarmanns.

